



Tónlistarstundir 1-2 ára.

Hugmyndir

Heyrnarþjálfun:

Hlusta á blæbrigðaríka tónlist. Glælega, sorglega, drungalega. Hraða og hæga. Nota svipbrigði og líkamshreyfingar t.d. með höndunum. E.t.v. nota myndir/ljósmyndir af andlitum með ýmis svipbrigði og sýna börnunum (spil inni í Rjóðri, Jeux de visages)

-Hratt/hægt

- Skjaldbakan og hérinn (Diskur frá Sigríði Pálma. Lag nr. 20).
BLANDAÐUR HRAÐI
- Sverðdansinn úr Gayaneh eftir A.I. Khatchaturian. (Diskurinn Klassískar Perlur Diskur nr 1 lag nr.6) HRATT
- Býflugan (Diskur tónlistarstund)
- Litla lest kapíranna (Diskur tónlistarstund, lag nr.5)

-Glælegt

- Mozart (Diskur tónlistarstund, lag, nr.10)

-Sorglegt

- Adagio í G moll eftir T.Albinoni (T.d diskurinn Klassískar Perlur. Diskur 3 lag nr.5)

- Drungalegt/reiði.

- Í höllu dorfakonungs (Diskur tónlistarstund, lag nr. 1)
- Litla lest Kapíranna (Diskur tónlistarstund, lag nr.5)

-Hressandi.

- Sinfonía númer 40 í G-moll, 1 þáttur eftir Wolfgang Amadeus Mozart (Diskurinn Klassískar Perlur Diskur 2 lag nr.6)

-Fallegt.

- Air í G-dúr eftir Johann Sebastian Bach. (Diskurinn Klassískar Perlur. Diskur 1 lag nr. 7)
- Bagatelles "Til Elísu" eftir Johann Sebastian Bach. (Diskurinn Klassískar Perlur. Diskur 2 lag nr. 15)

Svo auðvitað ef þið þekkið einhver önnur dæmi um blæbrigðaríka tónlist, sem eru óendanlega mörg.

Segja einfaldar sögur með hreyfingum. Börnin taka þátt.

-Sagan um Sam og Sabínu.

-Við förum að finna fjársjóðinn. (sjá meðfylgjandi blöð)

Mála/teikna með mismunandi tónlist í bakgrunni.

Rythmapjálfun:

Klappa rythma í nöfnum barna T.d. Eva -- (tvö klapp) Hrafnhildur --- (þrjú klapp) o.s.frv.

Hljóðfæri sett á teppi. Best er að byrja á tveimur tegundum af hljóðfærum og bæta svo fleirum við í næsta tíma. Nöfn hljóðfæranna kynnt fyrir börnunum.

Eitt og eitt barn velur sér hljóðfæri og stendur frammi fyrir hinum og syngur/spilar. Þarna þarf kennari að vera með hljóðfæri og slá rythmann og syngja.

Ferskeytlur: Æfa börnin í að klappa rythma við gömlu ferskeytlurnar okkar (sjá blað)

Í lófanum mínum: Öll börnin fá hristu (eggjahristurnar eru góðar í litla lófa)

Síðan er sungið lag:

Í lófanum mínum, í lófanum mínum.

Er ég með hristu.

Má ég sjá?

Þá rétta allir fram hendur og sýna hristuna. Hægt er að breyta textanum og láta börnin setja hristuna á höfuð, axlir, bak o.s.frv. Syngja þá: Á höfðinu mínu.....Á öxlinni minni.... o.s.frv. Einnig er hægt að leyfa börnunum að fá eitthvað annað en hristu t.d. kubb, dýr eða hvað sem ykkur dettur í hug. Tilvalið til að kenna börnunum líkhamsheiti.

Fagur fiskur í sjó: Gömul þula. Gaman er að spila hana af disk sem Edda Heiðrún Backmann og Atli Heimir Sveinsson gerðu saman og heitir Fagur fiskur í sjó. Lag nr. 1,

Söngur:

Nota þau lög sem hver og einn starfsmaður kann og bestir eru söngvar með hreyfingum. Upplagt er að setja inn TMT tákn við lög og betra er að nota fá tákn í hverjum söng fyrir þennan aldur. Einnig ber að hafa í huga að löng seta hentar ekki litlum börnum svo gott er að flétta inn í þetta söngva með grófum hreyfingum samhliða handahreyfingum.

Söngdós með miðum. Kennari er setur miða með nöfnum á ákveðnum lögum í dós. Börnin draga miða og lagið er sungið. Þarna er upplagt að skipta út lögum eftir árstíðum og bæta inn eftir því sem börnin læra fleiri lög.

Söngpoki. Hlutir settir í poka og eitt barn í einu dregur einn hlut úr pokanum. Barnið dregur t.d. hest. Þá er hægt að syngja lag um hest til dæmis afi minn fór á honum Rauð eða Foli, foli fótalipri (poki er til á Álfheimum en einnig er auðvelt að útbúa hann).

Hreyfing:

Hreyfa sig frjálst eftir tónlist. Nota slæður, bjöllubönd, litlu eggjahristurnar til að auðga hreyfinguna. Þarna er hægt að nota mismunandi tónlist hratt og hægt. Muna að við erum fyrirmyndirnar og því mikilvægt að vera virkur í hreyfingunni með börnunum.

Dansar og hreyfileikir fyrir leikskólabörn. (Hulda Sverrisdóttir og Kolfinna Sigurvinsdóttir). Þessi mappa er til á hverri deild.

Barnaleikir og dansar. Hreyfileikir.

-Labbadans

-Nú sendum við hristuna til Ástu... lag sungið og hristan(eða hvaða hljóðfæri sem er) gengur á milli barnanna.

-Hóký póký

-Faðir Abraham

-Fugladansinn (Stóra barnaplatan diskur 1, lag nr. 16)